

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. maí 2017 breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, sem samþykkt var í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 11. apríl 2017.

Breytingin nær til lóðar nr. 5 við Vallholt sem er skilgreind sem íbúðarsvæði og felst í því að í stað tveggja hæða fjölbýlishúss fyrir námsmannaíbúðir er gert ráð fyrir íbúðum fyrir almennan markað. Stærð svæðisins er óbreytt en nýtingarhlutfall minnkar úr 1,0 í 0,75.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. maí 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. maí 2017